

Sp.

193. Tillaga til þingsályktunar

[136. mál]

um strandferðir m/s Herðubreiðar.

Flm.: Ásmundur Sigurðsson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að m/s Herðubreið verði eingöngu látið vera í strandferðum austur um land milli Reykjavíkur og Siglu-fjarðar.

Greinargerð.

Þegar strandferðaskipin Herðubreið og Skjaldbreið voru keypt til landsins, var almennt gengið út frá, að þau yrðu notuð til strandferða, aðallega á smærri hafnir landsins, annað á hafnir á Vestur- og Norðvesturlandi, en hitt á Austur- og Norðausturlandi. Rekstur skipanna hefur þó ekki orðið á þennan hátt. M/s Skjaldbreið hefur að visu gengið nálega eingöngu á vesturhafnirnar og ekki farið til Austurlands nema þá í algerum forföllum. Herðubreið, sem átti að vera Austurlandsskipið, hefur aftur á móti jöfnum höndum verið í förum austur fyrir land og vestur fyrir land. Við flm. þessarar tillögu teljum, eins og Austfirðingar almennt, að þetta beri að leiðrétta.

Ætlunin var í upphafi, að Herðubreið annaðist ferðir frá Reykjavík til Austur- og Norðausturlandsins, a. m. k. til jafns við það, sem Skjaldbreið annast ferðir til Vesturlandsins. Þetta leggjum við til, að hæstv. ríkisstjórn geri nú þegar ráðstafanir til að verði framkvæmt. Um leið og ráðstafanir verða gerðar til þess, að Herðubreið taki eingöngu upp flutninga austur um land, þarf sérstaklega að gæta þess, að þetta skip, sem fyrst og fremst er ætlað hinum smærri höfnum, verði notað í þeirra þágu, þar sem stærri hafnirnar eiga fyrst og fremst að njóta Esju og Heklu, eins og upphaflega var ráðgert. En þráfaldlega hefur einmitt komið fyrir, að smærri hafnirnar hafa orðið útundan í sambandi við flutninga með m/s Herðubreið.

Þótt sú breyting yrði gerð á ferðum m/s Herðubreiðar, sem tillaga þessi gerir ráð fyrir, er okkur ljóst, að skipasamgöngurnar við Austurland yrðu áfram mjög ófullnægjandi. Skip Eimskipafél. Íslands annast svo að segja enga flutninga til Austurlands. Skip þess félags koma varla til Austurlandsins, nema til að sækja þangað útflutningsvörur. Aftur á móti fer skip félagsins margar ferðir á hverju ári frá Reykjavík vestur um land til Akureyrar.

Við höfum aflað okkur upplýsinga frá Skipaútgerð ríkisins um ferðir strandferðaskipanna s. l. ár og það sem af er þessu ári. Samkvæmt þeim upplýsingum hafa strandferðaskip ríkisins farið árið 1951 samtals 45 ferðir austur um land frá Reykjavík. En ferðirnar vestur um land frá Reykjavík voru 82. Það sem liðið er af þessu ári, hafa skipin farið alls 28 ferðir austur um land, en 52 vestur. Það er því augljóst, að ferðafjöldinn vestur um land er miklu meiri en austur hjá skipum ríkisins, en auk þess eru svo ferðir Eimskipafélagsskipanna.

Nú mun það sannast mála, að skipasamgöngurnar vestur þykja ekki góðar. En hvað mun þá vera um Austurlandsferðirnar.

Samþykkt þessarar tillögu er ekki nema réttlát leiðrétting á því misræmi, er nú ríkir í þessum efnum.